



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins um heimsóknir heilbrigðiseftirlits til dagforeldra

Á 197. fundi skóla- og frístundaráðs, 8. desember 2020, lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að bilið milli heimsókna heilbrigðiseftirlitsins til dagforeldra sem starfa tveir saman verði annað hvort lengt eða að kostnaður við heimsóknir sem eru um 60 þúsund krónur verði annað hvort felldur niður eða lækkaður umtalsvert í því millibilsástandi sem nú ríkir. Dagforeldrar berjast í bökkum um þessar mundir. Starfsöryggi þeirra er í uppnámi og ekki hefur verið komið nægjanlega á mótis við stéttina á meðan verkefnið Brúum bilið er í vinnslu og nú þegar COVID er í algleymingi. Fulltrúi Flokks fólksins hefur viljað sjá átak gert til að styrkja stéttina t.d. með því að veita stofnstyrki og/eða aðstöðustyrki. Taka þarf betur utan um þessa stétt. Ekkert okkar vill vera án dagforeldra. Dagforeldrar eru um þessar mundir að finna fyrir nokkurri uppgjöf því svo virðist sem allt sé fellt sem þeir biðja um.

Skóla- og frístundasvið fer í 3 óboðaðar eftirlitsheimsóknir til allra dagforeldra á ári, þeim að kostnaðarlausu.

Ef dagforeldri starfar eitt í sinni daggæslu er það skóla- og frístundasvið sem tekur út starfsemi þeirra þeim að kostnaðarlausu.

Ef dagforeldrar kjósa að starfa tveir saman í daggæslu er það Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) sem skv. reglugerð tekur út starfsemi þeirra. Gjald er tekið fyrir heimsóknir og úttektir HER og er það greitt skv. gjaldskrá HER. Þessar heimsóknir til dagforeldra eru á 2ja ára fresti og er kostnaður 47.100 kr. skv. gjaldskrá HER.

Skóla- og frístundasvið telur að ekki sé hægt að gefa neinn afslátt á heimsóknum HER til daggæslu, þar sem leyfi til daggæslu eru byggð á þeim heimsóknum.

Jafnframt telur skóla- og frístundasvið að kostnaður upp á 23.550 kr. á dagforeldri á tveggja ára fresti til að viðhalda starfsréttindum geti ekki talist íþyngjandi kostnaður.

Dagforeldrum stendur til boða að sækja um stofnstyrki til skóla- og frístundasviðs skv. reglum þar að lútandi.